

**Efni: Heimild til að hefja verkefnið „nýtt mannauðs- og launakerfi“**

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd mannauðs- og starfsumhverfissviðs, að hefja fyrsta fasa verkefnisins „nýtt mannauðs- og launakerfi“ en það snýr að þarfagreiningu, útboðsgerð og framkvæmd útboðs fyrir nýtt kerfi.

Verkefnið er með fjármögnun á 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá apríl 2025 til nóvember 2025 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 41,9 m.kr., sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum. Kostnaðurinn nær til innri þátta sem snúa að verkefnastýringu, greiningu og útboðsgerð sem og ytri þátta sem snúa að aðkeyptri greiningarvinnu þar sem við á og kostnaði vegna tæknilegrar aðkomu utanaðkomandi þjónustuaðila.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,



Óskar Sandholt,  
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

**Greinargerð:**

Núverandi mannauðs- og launakerfi Reykjavíkurborgar er á útleið hjá birgja. Þjónustuaðili hefur hætt allri framþróun og dregið verulega úr þjónustu við kerfið. Kerfið mun hætta alfarið árið 2030. Þar sem kerfið telst kjarnakerfi í starfsemi borgarinnar, hefur skortur á þjónustu og möguleikum til þróunar farið að hamla daglegum rekstri og heft samþættingu við aðrar lausnir borgarinnar.

Því er nauðsynlegt að innleiða nýtt og nútímalegt mannauðs- og launakerfi. Nýja kerfið þarf að samanstanda af bæði launakerfi og mannauðskerfi með möguleika á að tengjast öðrum kjarnakerfum borgarinnar með stöðluðum hætti án séraðlagana og passi inn í tæknistakk borgarinnar. Kerfið skal gera gagnaöflun einfaldari, stuðla að samræmdum og nýtingarhæfum gögnum og bjóða upp á gagnvirk greiningartól og yfirlit.

Áætlaður ábati nýs kerfis felst að mestu í verulegum tímasparnaði. Núverandi SAP-kerfi er seinvirkt og hægir á úrvinnslu ferla. T.d. tekur vinna við breytingu á ráðningasamningi nú um átta mínútur, en með nýju kerfi er gert ráð fyrir að sá tími helmingist. Á árinu 2024 bárust 14.000 slíkar beiðnir, sem jafngilda tæplega 13 mánaða vinnu í núverandi kerfi en rúmlega sex mánuðum í því nýja. Áætlað árlegt hagræði er um 9 milljónir króna. Jafnframt má stytta úrvinnslu beiðna vegna vangreiddra og ofgreiddra launa úr 30 í 20 mínútur. Með 1.100 slíkum beiðnum á ári myndi það spara tæplega 1,5 mánaða vinnu, eða um 2 milljónir króna á ári. Vonir standa til þess að nýtt kerfi gæti sjálfvirknivætt þennan og sambærilega ferla enn frekar sem getur dregið enn frekar úr vinnuálagi.

Áætlað er að verkefnið í heild sinni taki 26,5 mánuði og skiptist í tvo fasa:

- Fasi 1 – 7,5 mánuðir (15. apríl 2025 – 30. nóvember 2025)
  - 15/4 2025 – 31/5 2025: Þarfagreining í samvinnu við vinnuhópa og gerð kröfulýsingar
  - 1/6 2025 – 30/11 2025: Útboðsgerð, framkvæmd útboðs og val á birgja
- Fasi 2 – 19 mánuðir (1. desember 2025 – 1. júní 2027)
  - Innleiðing og tenging kerfisins við starfsemi borgarinnar

Óskað er eftir heimild til að hefja fasa 1, sem felur í sér ítarlega þarfagreiningu, útboðsgögn og fullklárað útboðsferli sem endar með samningsgerð um nýtt kerfi. Heimildarbeiðni fyrir fasa 2 verður lögð fram þegar fasi 1 er lokið og skýrari forsendur liggja fyrir um kostnað og tímalengd næsta áfanga.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 41,9 m.kr.

Kostnaðarstaður: 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON. Verkefnaklassi 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Verkefniúmer 260301.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Þröstur Sigurðsson,  
Skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið